

LÍFSSTÍLL


Síung og sígild Harpa

Harpa á tíu ára afmæli á næsta ári og af því til-efni er ætlunin að slá nýjan tón og auka enn á fjölbreytni starfsemi hússins. Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu, er með skýra framtíðarsýn og segir að Harpa muni verða enn betri með árunum.

Ásdís Ásgeirsdóttir asdis@mbl.is

Sláum nýjan tón í Hörpu er yfirskrift nýrrar herferðar en auglýst hefur verið eftir ferskum hugmyndum og nýjum rekstraraðilum í Hörpu. Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu, er mjög spennit fyrir komandi tímum. Svanhildur segist hafa sett stefnumótun á oddinn þegar hún tók við starfi forstjórans fyrir þremur árum og er nú sú vinna að skila sér í aðgerðaaætlun. „Við höfum þessa vinnu vorið 2018 og beittum svokallaðri Design Thinking-aðferðarfræði. Líður í henni er að skilgreina hverjir eru helstu notendur hússins, sem við köllum erkitýpur. Þráðurinn í þessu er að gera Hörpu notendavænni og setja upplifun gesta í öndvegi,“ segir Svanhildur og hún segir þau hafa starfað og fundað með fólki úr ýmsum áttum til þess að móta nýju stefnuna.

„Við hittum tónleikahaldara, listamenn, ráðstefnuhaldara, fulltrúa þeirra sem eiga heimilisfesti í Hörpu, sem eru Sinfó, íslenska óperan og Stórsvett Reykjavíkur, og svo fjöldann allan af fólki úr öllum áttum. Og nú er komin skýr framtíðarsýn og skýrar stefnumarkandi áherslur. Harpa á ávallt að vera á heims-



„Við verðum tíu ára á næsta ári og erum einbeitt í því að vera síung en um leið sígild,“ segir Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu.

Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

mælikvarða og erum við í samkeppni við önnur sambærileg hús erlendis. Okkar hlutverk er að fjölga möguleikum og búa til ný tækifæri.“

Hugsað til framtíðar

„Við verðum tíu ára á næsta ári og erum einbeitt í því að vera síung en um leið sígild. Þess vegna erum við núna að kalla eftir ferskum hugmyndum og nýjum rekstraraðilum og það er mjög mikilvægur partur af þessari nýju stefnumótun,“ segir Svanhildur og segir hugmyndina vera að hugsa þjónustu og upplifun upp á nýtt, meðal annars í þeim rýmum sem eru á fyrstu hæðinni.

„Við viljum skipuleggja út frá notandanum og upplifuninni og erum við að hugsa til næstu tíu ára. Eins og allir vita hafa áskoranirnar verið all-

nokkrar á þessum fyrsta áratugi í rekstri hússins, en nú erum við að hugsa til framtíðar. Hvernig við getum verið enn sterkari í alþjóðlegri samkeppni og hvernig Harpa ætlar að rækja hlutverk sitt enn betur við að skapa verðmæt fyrir samfélagið. Við viljum vera með þjónustu hér á jarðhæð sem laðar til sín fólk óháð viðburðahaldinu sem er auðvitað mjög umfangsmikið. Ekki aðeins erlenda ferðamenn, heldur ekki síður heimamenn sem sjá ástæðu til að sækja húsíð heim í dagsins önn. Hugmyndin er að öll starfsemi styðji við kjarnahlutverk hússins; að vera menningarmiðstöð og tónlistar- og ráðstefnuhús á heimsælikvarða í miðborg Reykjavíkur. Þjónustan á jarðhæð þarf að vera segull í sjálfu sér,“ segir Svanhildur og bætir við að

einnig sé lögð áhersla á að auka starf-ræna þjónustu og lifandi miðlun.

Hugmyndum rignir inn

Nú er fyrsta hæðin erflitt rými og mikill geimur. Hvernig sjáid þið þetta fyrir ykkur?

„Við erum með nokkuð opið plan í því. Það er alveg klárt að við umhyllum ekki frábærum arkitektúr hússins og okkur eru skorður settar vegna þess. Í okkar stefnumótun höfum við verið að skoða hvaða þjónustu erkitýpur hússins vilja fá og einnig hvaða tækifæri við erum ekki að nýta. Við höfum sett niður grunnplan en viljum ekki fullvinna það fyrr en við erum búnar að fá inn frekari hugmyndir,“ segir Svanhildur og segir kallið eftir hugmyndum vera tvíþætt.

„Annars vegar viljum við fá hugmyndir frá almenningi og velunnurum hússins, um hvað það er sem þeir vilja sjá. Viðbrögðin hafa verið mjög góð og eru úr öllum áttum. Það eru þegar komnar ótrúlega margar og skemmtilegar hugmyndir! Hins vegar viljum við fá hugmyndir frá rekstraraðilum sem vilja sjá sinn rekstur í Hörpu. Við viljum opna á þetta samtal áður en við ferum að hanna endanlegar breytingar. Við sjáum fyrir okkur að þetta verði sterk og heillandi heild, og erum þar ekki aðeins að tala um jarðhæðina, heldur líka hæðir þar fyrir neðan og önnur rými sem kannski fáir þekkja,“ segir Svanhildur og hún segist sjá fyrir sér veitingastaði, verslanir og jafnvel smærri sýningar- og upplifunarrými sem opna á möguleika á ýmsum uppákomum.

Tala til heimamanna

Aðspurð þvertelur Svanhildur fyrir að þarna verði hundabúðir í röðum.

„Þótt erlendu gestirnir séu kærkomnir þá viljum við höfða enn betur til heimamanna. Okkur þætti frábært að þeir kæmu í Hörpu bara til „að hanga“ ef svo má að orði komast. Hér í grennd er að byggjast upp lífflegt umhverfi, Edition Reykjavík-hótelíð og Landsbankinn, verslunarkjarni og búðir sem mun allt tengjast Hörpu. Þarna myndast algjörlega ný tækifæri sem verður ótrúlega spennandi að nýta.“

Nú er skollin á kreppa. Hafa nýir rekstraraðilar efni á leigunni?

Snýst þetta ekki allt um peninga?

„Vissulega má segja það til skemmir tíma og við hugsuðum mjög vandlega hvort þetta væri rétti tíminn í miðri Covid-kreppu til að kalla eftir bæði hugmyndum og samstarfsaðilum. En ég hef mjög sterka sannfæringu fyrir því að þetta sé einmitt rétti tíminn, því þetta ástand mun taka enda. Harpa er heldur ekki að fara neitt og við erum að horfa á eitt fjölsóttasta hús landsins til næstu tíu ára. Hér hafa verið 1.200-1.400 viðburðir á ári og gestakomur um tveir milljónir á ári. Þannig að möguleikarnir eru óþrjúgandi. Ég býst ekki við að fólk geti opnað hér eftir mánuð, en er að horfa til þess að snemma á næsta ári eða næsta vor verði kominn ný og fersk mynd á afmælisbarnið,“ segir Svanhildur.

„Líður í því að höfða til fjölbreyttra hópa er metnaðarfull fjölskyldudagskrá á vegum Hörpu og samstarfsaðila. Nú erum við að rúlla dagskránni aftur af stað en hún inniheldur tónleika, leiksýningar, sérstakar skoðunarferðir fyrir börn og einnig uppákomur sem þau geta sjálf tekið þátt í. Hér verður skemmtileg dagskrá fyrir fjölskyldur allar helgar fram að jólam.“

Samfélagsleg áhrif Hörpu

Nú kvarta margir tónlistarmenn yfir of hárt leigu, er það eitthvað sem þarf að breyta til þess að bæta í flór-una?

„Nú er það þannig að það er ótrúlega fjölbreytt flóra tónlistar sem flutt er í Hörpu. Í fyrra voru haldnir sjö hundruð listvöburir og þar af var Sinfó, sem er stærsti einstaki tónleikahaldarinn, með 108 tónleika, þannig að fjölbreytnin er mikil. Harpa á að vera hvort tveggja í senn heimavállur fyrir íslenska tónlist og heimssvið fyrir alþjóðlega strauma. En auðvitað þekki ég þessa umræðu. Leigan í Hörpu er reyndar miklu lægri en í sambærilegum húsum víða erlendis en Harpa er sannarlega dýrust af tónleikahúsum á Íslandi enda með bestu aðstöðuna. Harpa á ekki að undirbjóða aðra á markaði en auðvitað gerum við allt sem í okkar valdi stendur til þess að mæta þörfum tónlistarfólks og tryggja þessu mesta breidd,“ segir Svanhildur og nefnir að salir Hörpu séu mjög vel nýttir.

„Varðandi yngra fólk og grasrót þá hafa verið gerðar atrennur í gegnum tónföna að því að vera til að mynda með tónleikaraðir sem lyfta þessum hópum tónlistarfólks og ég myndi vilja endurvekja það í nýrri mynd. Ég hef meðal annars rætt við rektor Listaháskólans á þessum nótum og það er gagnkvæmur áhugi fyrir hendi að við vinnum meira saman. Við höfum einnig kallað eftir samstarfi við Tónlistarborgina Reykjavík, en svo kom Covid og setti ansi margt á bið. En þetta er mikilvægur hluti af aðgerðaaætlun Hörpu sem við munum virkja betur þegar við erum kominn í gegnum þessa tíma,“ segir hún.

„Mér finnst svo mikilvægt að undirstríka að hlutverk Hörpu er að skapa verðmæt, og þá ekki eingöngu þau sem mæld eru í krónum og aurum. Harpa er að mínum dómi svo mikilvæg fyrir samfélagið. Áherslan á menningarlegu, efnahagslegu og samfélagslegu verðmætin sem verða til í þessu húsi alla daga er það sem ég brenn fyrir og við ætlum sannarlega að hámarka þau á næstu árum.“



... stærsti uppskriftarvefur landsins!